



Eyjafjarðarsveit

GJALDSKRÁ 2018

fyrir framkvæmdaleyfi og skipulagsvinnu í Eyjafjarðarsveit

1. gr.

Meginreglur.

Gjaldskráin byggir á þeirri meginreglu að aðili sem óskar eftir breytingu á aðal- og/eða deiliskipulagi skuli greiða þann kostnað sem breytingin hefur í för með sér. Í því felst að umsækjandi greiðir kostnað vegna nýrra uppdráttu, breytinga á uppdráttum, auglýsinga og kynninga vegna málsins. Skipulagsnefnd getur ákveðið að falla frá gjalddöku ef skipulagsvinna á vegum sveitarfélalagsins er yfirstandandi eða fyrirhuguð á svæðinu, eða skipulagsáætlun þarfnast breytinga af öðrum ástæðum, enda hafi það ekki í för með sér viðbótarkostnað fyrir sveitarfélagið.

Ef kostnaður vegna vinnu skipulagsfulltrúa eða aðkeyprar vinnu er verulegur umfram viðmiðunargjald, vegna umfangs verksins, er heimilt að leggja til viðbótar tímagjald skipulagsfulltrúa, sem er kr. 10.939.-, eða gjald skv. reikningi.

2. gr.

Skilgreiningar

Umsýslu- og auglýsingakostnaður: kostnaður sveitarfélagsins við afgreiðslu umsóknar, birtingar auglýsinga og annarrar umsýslu.

Breytingarkostnaður: kostnaður sem fellur til innan sveitarfélagsins við gerð nýs deiliskipulags eða breytingar á gildandi aðal- eða deiliskipulagsuppdráttum.

Lagatilvitnanir: þar sem vitnað er til ákveðinnar greinar í lögum er átt við skipulagslög nr. 123/2010.

3. gr.

Kostnaður vegna aðalskipulagsbreytinga

3.1. Verulegar breytingar

Breyting á aðalskipulagsuppdrætti, sbr. 1. mgr. 36. gr., viðmiðunargjald kr. 109.394

Umsýslu- og auglýsingakostnaður, sbr. 1. mgr. 36. gr. kr. 72.930

3.2. Óverulegar breytingar

Breyting á aðalskipulagsuppdrætti, sbr. 2. mgr. 36. gr., viðmiðunargjald kr. 72.930

Umsýslu- og auglýsingakostnaður, sbr. 2. mgr. 36. gr. kr. 24.310

4. gr.

Kostnaður vegna deiliskipulags

4.1. Nýtt deiliskipulag

Nýtt deiliskipulag, sbr. 2. mgr. 38. gr. vinna skv. reikningi

Umsýslu- og auglýsingakostnaður, sbr. 2. mgr. 38. gr. kr. 72.930

4.2. Verulegar breytingar

Breyting á deiliskipulagsuppdrætti, sbr. 1. mgr. 43. gr. vinna skv. reikningi

Umsýslu- og auglýsingakostnaður, sbr. 1. mgr. 43. gr. kr. 72.930

4.3. Óverulegar breytingar

Breyting á deiliskipulagsuppdrætti, sbr. 2. mgr. 43. gr. vinna skv. reikningi

Umsýslu- og auglýsingakostnaður, sbr. 2. mgr. 43. gr. kr. 72.930

5. gr.

Kostnaður vegna grenndarkynningar

Grenndarkynning, sbr. 44. gr., viðmiðunargjald kr. 24.310

6. gr.

Kostnaður vegna einstakra framkvæmda

Afstöðumynd kr. 24.310
Yfirlitsmynd kr. 24.310
Leyfi fyrir einstökum framkvæmdum, sbr. 1. mgr. 57. gr. kr. 24.310

7. gr.

Kostnaður vegna framkvæmdaleyfis

Framkvæmdaleyfi – framkvæmdir skv. 1. og 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000, viðmiðunargjald kr. 109.394
Framkvæmdaleyfi - aðrar framkvæmdir, viðmiðunargjald kr. 48.620
Mælingar vegna magntöku o.þ.h. vinna samkvæmt reikningi
Eftirlit umfram eina ferð, sem er innifalin í framkvæmdaleyfisgjaldi kr. 24.310

8. gr.

Gjaldtökuheimild og breytingar á fjárhæð

Gjaldskrá þessi er sett með heimild í 20. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Gjöld miðast við byggingarvísitölu í janúar 2018 skv. grunni frá 2010 (112,3 stig) og uppreiknast í janúar ár hvert til samræmis við breytingar á henni.